Sjálfsbjörg

landssamband hreyfihamlaðra

# ÁRSSKÝRSLA 2022

## Sjálfsbjörg landsamband hreyfihamlaðra

Lögð fram á landsfundi samtakanna 29. apríl 2023

Betra aðgengi – öllum í hag!

**Útgefandi:**

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra
Hátúni 12, 105 Reykjavík
Sími: 5500-360, netfang: info@sjalfsbjorg.is

**Ábyrgðarmaður:**
Ósk Sigurðardóttir

**Uppsetning, umbrot, prentun:**
Gunnar Bjarni Guðmundsson / Pixel

**Forsíða**
Mynd af nýju merki Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra
Hönnuður: Alexandra Ýr Bridde

# EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns.......... 4

1. Stjórnir og starfsfólk.......... 5
   1.1 Stjórn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra.......... 5
   1.2 Formenn aðildarfélaga Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra.......... 5
   1.3 Starfsfólk Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra 2022.......... 6

2. Nefndir og starfshópar.......... 8
   2.1 Kjörnefnd.......... 8
   2.2 Laganefnd.......... 8
   2.3 Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar.......... 8
   2.4 Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar.......... 8
   2.5 Medic Alert.......... 8

3. Rekstrarmál – starfsemi.......... 9
   3.1 Sjálfsbjargarheimilið.......... 9
   3.2 Sjálfsbjargarhúsið.......... 10
      3.2.1 Sagan.......... 10
      3.2.2 Húsnæðismál 2022.......... 10
   3.3 Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar.......... 12
   3.4 Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar.......... 12

4. Fjármál.......... 13
   4.1 Fjárhagsstaðan.......... 13
   4.2. Starfsmannamál.......... 14
   4.3 Helstu tekjupóstar og fjáraflanir.......... 15
      4.3.1 Húsaleiga.......... 15
      4.3.2 Happdrætti.......... 15
      4.3.3 Hollvinir Sjálfsbjargar.......... 15
      4.3.4 Styrkur ÖBÍ réttindasamtaka.......... 15
      4.3.5 Nýjar fjáröflunarleiðir.......... 16

5. Félagsmálin.......... 17
   5.1 Landsfundur 2022.......... 17

6. Málefnastarfið.......... 20
   6.1 Aðgengismál.......... 20
   6.2 Heimsóknir.......... 22

7. Upplýsingamál.......... 23
   7.1 Ársskýrsla.......... 23
   7.2 Klifur.......... 23
   7.3 Öllum boðið nema fötluðum?.......... 23
   7.4 Vefsíða.......... 24
   7.5 Samfélagsmiðlar.......... 24
   7.6 Fjölmiðlar.......... 24

8. Tengingar út í samfélagið.......... 25

9. Helstu mál á fundum stjórnar Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaða.......... 27

10. Aðildarfélög Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaða.......... 28

11. Ársreikningur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra fyrir 2022.......... 31

# ÁVARP FORMANNS



Ég vil byrja á að þakka fyrir það auðsýnda traust sem mér var veitt á Landsfundi 30. apríl 2022 er ég hlaut formannskjör. Það er mikill heiður að fá að starfa fyrir Sjálfsbjörg og halda áfram því góða starfi sem hefur hér verið frá upphafi.

Árið 2022 var viðburðaríkt hjá Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra, bæði í innra starfinu sem og því ytra. Hátún 12 er verðmæt eign og var því viðhald og endurbætur á húsnæðinu eitt okkar stærsta verkefni árið 2022. M.a. voru málaðir gluggar og endurbætur á íbúðum héldu áfram.

Farið var í nokkur verkefni til að auka sýnileika Sjálfsbjargar og má þar helst nefna auglýsingaherferðina "Öllum boðið - nema fötluðum?" sem má lesa betur um í kafla 7 undir "Upplýsingamál" og aðgengisdaginn sem fram fór 27. ágúst 2022. Frábært var að sjá aðildarfélög um allt land taka virkann þátt í að halda upp á daginn og auka sýnileika sinn í þeirra nærumhverfi. Ég trúi því að með auknum sýnileika munum við ná frábærum árangri í aðgengismálum sem og innra félagsstarfi.

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra tekur áfram virkan þátt í Römpum upp Ísland og styður það heilshugar enda bætir það lífsgæði og ferðafrelsi hreyfihamlaðra mikið í samfélaginu.

Samstarfsverkefni Ferðamálastofu, Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og ÖBÍ réttindasamtaka um bætt aðgengi að ferðaþjónustu fór í loftið í október 2022 og hafa nokkur fyrirtæki hafist handa við að meta sitt húsnæði og þjónustu í samræmi við gátlista og fræðslu verkefnisins.

Afrakstur aukins sýnileika og samstarfs við aðra aðila hefur skilað sér í auknum fyrirspurnum og beiðnum um aðgengisúttektir og greinilegt er að samfélagið er mun meðvitaðra um mikilvægi aðgengis en áður.

Bestu baráttukveðjur,

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir
formaður Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra frá 2022

# STJÓRN OG STARFSFÓLK

## 1.1 Stjórn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra

Eftirtaldir einstaklingar sitja í stjórninni að loknum landsfundi 2022.



Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, Sbj. á höfuðborgarsvæðinu, formaður.



Guðni Sigmundsson, Sbj. Mið-Austurlandi, varaformaður.



Ásta Þ. S. Guðjónsdóttir, Sbj. á höfuðborgarsvæðinu, gjaldkeri.



Margrét S. Jónsdóttir, Sbj. á Suðurnesjum, ritari.



Kristján Júlíusson, Sbj. Bolungarvík, meðstjórnandi.



Ólafía Ósk Aðalsteinsdóttir, Sbj. Bolungarvík, varamaður.



Elmar Logi Heiðarsson, Sbj. á Akureyri, varamaður.

## 1.2 Formenn aðildarfélaga Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra

| | |
|---|---|
| Grétar Pétur Geirsson | Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu |
| Kristján Karl Júlíusson | Sjálfsbjörg í Bolungarvík |
| Hafdís Eyland Gísladóttir | Sjálfsbjörg á Siglufirði |
| Hafdís B. Hilmarsdóttir | Sjálfsbjörg á Suðurnesjum |
| Herdís Ingvadóttir | Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni |
| Hafsteinn Vilhjálmsson | Sjálfsbjörg á Ísafirði |
| Magnús G. Jóhannesson | Sjálfsbjörg Skagafirði |
| Marie T. Robin | Sjálfsbjörg á Vopnafirði |
| Svanur Ingvarsson | Sjálfsbjörg á Suðurlandi |
| Guðni Sigmundsson | Sjálfsbjörg á Mið-Austurlandi |

## 1.3 Starfsfólk Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra 2022



**Ósk Sigurðardóttir** tók við starfi framkvæmdastjóra Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra þann 1. nóvember 2020. Ósk er framkvæmdastjóri samtakanna og ber ábyrgð á daglegum rekstri landssambandsins og fasteigna þeirra, fjáröflun og starfsmannahaldi. Hún vinnur einnig að ýmsum málefnum Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra, ásamt stefnumótun og þróun framtíðarmarkmiða í samstarfi við formann og stjórn.



**Guðrún Arna Kristjánsdóttir** hóf störf í maí 2022 og sinnir starfi fjármálastjóra. Hún annast allt sem viðkemur bókhaldi ásamt samskiptum við endurskoðanda. Þá hefur hún einnig umsjón með leigumálum s.s útreikningum, innheimtu og leigusamningum, fjáröflunum og öðrum tilfallandi verkefnum.



**Davíð Þ. Olgeirsson** hóf störf hjá Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra árið 2016 og sér um Þekkingarmiðstöð og Hjálpartækjaleigu Sjálfsbjargar. Einnig hefur hann umsjón með Vefverslun Sjálfsbjargar og ýmsum vef- og markaðsmálum.



**Guðbjörg Runólfsdóttir** hóf störf hjá Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra 1.október 2022. Hún starfar sem verkefnastjóri markaðsmála og viðburða. Hún sér um ýmis upplýsinga- og kynningarmál á samfélagsmiðlum, m.a. heimasíðu, Facebooksíðu og Instagram síðu Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra og birtir þar reglulega fréttir og sögur úr starfinu.



**Þórður Sigríksson** hóf störf í Sjálfsbjargarhúsinu í ágúst 2021 sem húsvörður. Hann tók við sem umsjónarmaður fasteigna í júní 2022. Hann vinnur að ýmsum viðhalds og rekstrarmálum hússins, lóðar og þjónustar húsið í heild sinni.



**Karl Ingi Karlsson** var ráðinn í september 2022 og vinnur að ýmsum viðhalds- og rekstrarmálum hússins, lóðar og þjónustar húsið í heild sinni.



**Ólafur Tómasson** hefur frá 2014 starfað að húsnæðis- og lóðatengdum verkefnum í tímavinnu. Hans verkefni hafa m.a. verið vöktun húsnæðisins og margvísleg önnur minni verkefni tengd húsnæðinu.

### Starfsmenn sem létu af störfum 2022

Bergur Þorri Benjamínsson fyrrum formaður var einnig starfsmaður á skrifstofu en hann lét af formennsku í apríl 2022.

Berglind J. Richardsdóttir starfaði sem bókari og fjármálafulltrúi frá 1.janúar 2020. Hún lét af störfum í byrjun árs 2022

Pála Kristín Bergsveinsdóttir tók við tímabundnu starfi sem verkefnastjóri Þekkingarmiðstöðvar frá 1.mars til 1.nóvember 2022.

Óskar Jósef Óskarsson tók við starfi umsjónarmanns fasteigna Sjálfsbjargarhússins í desember 2017. Hann lét af störfum í júní 2022.

# NEFNDIR OG STARFSHÓPAR

Á árinu voru starfandi eftirfarandi nefndir og starfshópar á vegum Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra.

## 2.1 Kjörnefnd

Á landsfundinum 2022 var kjörinn hluti kjörnefndar, en hlutverk hennar samkvæmt lögum er að tryggja að það verði minnsta kosti einn frambjóðandi í öll embætti sem kosið skal í á landsfundi. Kjörnefnd skipuðu að loknum Landsfundi 2022: María Óskarsdóttir, Þorbera Fjölnisdóttir, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Ágúst Guðjónsson og Margrét S. Jónsdóttir. Nefndin var kölluð saman 10 vikum fyrir Landsfund.

## 2.2 Laganefnd

Á Landsfundi 2021 var kjörinn hluti laganefndar, en hlutverk hennar er að fara yfir þær lagabreytingartillögur sem fram koma í aðdraganda Landsfundar, ef ástæða þykir til, og koma með samræmingar tillögur til stjórnar ef margar tillögur koma fram um sama atriðið. Stjórn kallar nefndina saman ef ástæða er til.

Laganefnd skipuðu að loknum Landsfundi 2022: Frímann Sigurnýasson, Ólafía Ósk Runólfsdóttir, María Óskarsdóttir, Berglind Ósk Runólfsdóttir og Elmar Logi Heiðarsson.

## 2.3 Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar

Hlutverk sjóðsins er að gera hreyfihömluðum félagsmönnum Sjálfsbjargar auðveldara að ferðast með því að úthluta styrkjum fyrir hluta af ferðakostnaði aðstoðarmanneskju (hjálparliða) úr sjóðnum. Úthlutað hefur verið úr sjóðnum einu sinni á ári og er næsta úthlutun í apríl 2023.

Í lok Landsfundar 2022 sátu eftirtaldir í stjórn sjóðsins: Guðrún Elísabet Bentsdóttir, Ásta Þórdís S. Guðjónsdóttir og María Óskarsdóttir.

## 2.4 Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar

Tilgangur sjóðsins er fyrst og fremst tvíþættur; a) að styrkja hreyfihamlaða einstaklinga til náms og b) að styrkja einstök málefni með aðgengi í huga fyrir hreyfihamlaða.

Í lok Landsfundar 2022 sat í stjórn sjóðsins: Hafdís B. Hilmarsdóttir.

## 2.5 Medic Alert

Sjálfsbjörg er aðildarfélag að MedicAlert. MedicAlert á Íslandi er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var 1985 fyrir tilstilli Lionshreyfingarinnar á Íslandi og er rekin undir verndarvæng hennar. Stofnunin starfar með leyfi MedicAlert Foundation International, sem stofnað var í Kaliforníu 1956. MedicAlert er alþjóðlegt öryggiskerfi fyrir sjúklinga með bráða eða hættulega sjúkdóma og ofnæmi.

Í lok Landsfundar 2022 var Hanna Margrét Kristleifsdóttir kosin fulltrúi Sjálfsbjargar.

# REKSTRARMÁL - STARFSEMI

## 3.1 Sjálfsbjargarheimilið

Stærsta og viðamesta rekstrareining Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra er Sjálfsbjargarheimilið (SBH), en það er rekið í hluta Sjálfsbjargarhússins.

Sjálfsbjargarheimilið er skilgreint sem endurhæfingar- og hjúkrunarstofnun fyrir hreyfihamlaða einstaklinga. Í upphaflegri skipulagsskrá SBH segir: *„Sjálfsbjargarheimilið er fyrir hreyfihamlað fólk er þarfnast aðstoðar og stuðnings við athafnir daglegs lífs*."

Í stefnumótun sem unnin var á árinu var skilgreint hlutverk og framtíðarsýn. Hlutverk Sjálfsbjargarheimilisins er að *„veita þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga sem glíma við tauga- og heilaskaða*". Framtíðarsýnin er *„aftur út í lífið*". Nýtt hlutverk og framtíðarsýn rýmar vel við upphafleg markmið Sjálfsbjargarheimilisins og gengur út á að einstaklingar nái færni til að lifa eins sjálfstætt og þeim er unnt eftir veikindi eða slys.

Árið 1973 flutti fyrsti íbúinn inn á heimilið. Reksturinn hefur síðan þróast jafnt og þétt og endurhæfingarþátturinn í starfseminni farið vaxandi. Á árinu 2020 var fyrsti íbúinn tekinn inn í tímabundna endurhæfingu með búsetu sem getur varað í allt að tvö ár. Enn eru nokkrir sem eru í hjúkrunarbúsetu en



allir sem koma nýjir inn fara í endurhæfingarbúsetu. Eru þessir aðilar þá með búsetu og sækja endurhæfingu til Þjónustumiðstöðvar. Búseta allra eru nú litlar íbúðir sem eru frá 33m$^2$ að stærð. Við þessar breytingar hefur yngst upp í hópi þjónustuþega og meðalaldurinn lækkað frá því sem áður var.

Áfram var aukið vægi endurhæfingar og á árinu hófu störf talmeinafræðingur og sjúkraþjálfi. Auk þess starfar hjá Sjálfsbjargarheimilinu nemi í íþróttafræðum. Starf Þjónustumiðstöðvar gengur vel. Í endurhæfingu á dagstatus eru bæði einstaklingar í búsetu og þeir sem búa heima hjá sér. Vel gengur að samþætta þjónustu fyrir þessa hópa. Einnig er boðið upp á viðhaldsendurhæfingu og þeir einstaklingar flestir búsettir heima hjá sér. Misjafnt er hversu oft þjónustuþegar koma í viku og fer það eftir þörfum hvers og eins.

Skipun stjórnar var breytt á Landsfundi 2022 og hér eftir er stjórn Sjálfsbjargarheimilisins aðgreind frá stjórn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra. Einnig eru gerðar kröfur til stjórnarmanna að þeir þekki til og/eða hafi menntun eða reynslu sem nýtist við rekstur Sjálfsbjargarheimilisins.

Fjöldi stöðugilda á árinu 2022 var 51 en þó nokkrir starfsmann eru í hlutastörfum og um 60 manns starfa hjá heimilinu á hverjum tíma. Lítil starfsmannavelta var á árinu og þó nokkuð margir starfsmenn áttu starfsafmæli. Samtals áttu sjö starfsmenn 150 ára starfsafmæli á árinu 2022.

Starfsemi komst í samt horf á árinu þar sem öllum aðgerðum vegna Covid-19 var aflétt í lok apríl. Á meðan á faraldrinum stóð kom aldrei upp hópsmit og hefur form búsetu skipt sköpum  og árvekni starfsmanna. Einhverjir smituðust af Covid-19 en þá aldrei nema 1-2 í á hverjum tíma. Hertar heimsóknarreglur voru í byrjun ársins en svo slaknaði á þeim eftir því sem leið á árið.

Sjálfsbjargarheimilið er á fjárlögum ríkisins og var rekstrarframlagið fyrir árið 2022 um 756 milljónir króna. Hagnaður af rekstri ársins 2022 var um 47 milljónir. Reksturinn byggir á lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu.

SBH gefur árlega út ársskýrslu sem inniheldur m.a. ársreikning og er skýrslan kynnt á Landsfundi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra og dreift til landsfundarfulltrúa. Skýrsluna má finna á vefsíðu Sjálfsbjargarheimilisins www.sbh.is.

## 3.2 Sjálfsbjargarhúsið

### 3.2.1 Sagan

Árið 1965 var Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra (þá Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra) ásamt Öryrkjabandalagi Íslands úthlutað lóðinni við Hátún 10-12 samkvæmt leigusamningi við Reykjavíkurborg. Sjálfsbjargarhúsið var í framhaldi byggt og fyrsti áfangi þess tekinn í notkun árið 1973. Árið 1966 undirrituðu samtökin tvö samkomulag sín á milli um uppskiptingu lóðarinnar. Ávallt hefur verið  sameiginlegur skilningur aðila hvað tilheyrir hverjum. Lóðin skiptist eftir miðri götunni sunnan megin við Sjálfsbjargarhúsið og jafnframt eiga samtökin tvö sameiginlega lóðina sem er undir Íþróttahúsi fatlaðra (Hátún 14). Heildarlóðin er tæplega 41.500 fermetrar að flatarmáli og Sjálfsbjargarhúsið er um 10.000 m2 að grunnfleti á sex hæðum.

Í febrúar árið 2017 kynnti Húsnæðisnefnd Sjálfsbjörg hugmyndir að nýrri Landsmiðstöð hreyfihamlaðra sem og hugmyndir að framtíðaruppbyggingu á lóð samtakanna á opnum fundi. Í byrjun árs 2019 kemur stefna frá Brynju leigufélagi (áður Brynja, Hússjóður Öryrkjabandalags Íslands) á Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra og Reykjavíkurborg til Héraðsdóms Reykjavíkur vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar. Á níunda áratug síðustu aldar fóru lóðarhafar fram á skiptingu lóðarinnar og fyrir liggja samþykktir um slíka skiptingu eins og kom fram hér að ofan. Þeim skjölum var þó ekki þinglýst og eignaskipting ekki færð í fasteignaskrá. Þessi deila snýst um þessi mál. Kröfu stefnanda, Brynju leigufélags, var hafnað.

Málið hefur nú farið fyrir Héraðsdóm í tvígang og Landsrétt og hefur Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra unnið málið í hvert sinn. Hafa þessi málaferli nú staðið yfir á fimmta ár með tilheyrandi kostnaði.  Málið verður tekið fyrir að nýju á næsta ári. Engin áform eru um að halda áfram með Landsmiðstöð, en skoða þarf hvaða möguleikar eru á uppbyggingu á lóðinni í nánustu framtíð.

### 3.2.2 Húsnæðismál 2022

Sjálfsbjargarhúsið er komið til ára sinna og því miður ekki hefur verið mikið viðhald síðustu árin og því er eigandi hússins, Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra, komin í mikla uppsafnaða verkskuld með tilheyrandi kostnaði. Meirihluti íbúða í Sjálfsbjargarhúsinu hafa fengið yfirhalningu, en síðustu tvö ár hafa þær verið gerðar fokheldar, skipt út innréttingum í eldhúsi og baðherbergjum, nýr gólfdúkur á alrými, baðherbergi og herbergi þar sem við á, ný blöndunartæki sett inn og allt málað í hólf og gólf. Staðan innanhúss er að verða mjög góð.

Gluggar á suðaustur hlið hússins sem lágu undir





Hér má sjá dæmi um nýja eldhúsinnréttingu og nýjan fataskáp í tveimur íbúðum, einnig er nýr dúkur á gólfi ásamt mynd-dyrasímanum vinstra megin við hurðina. Ljósleiðaratenging á allar hæðir er í vinnslu og verður komin í byrjun árs 2023.

skemmdum voru málaðir sumarið 2023, en ef ekki hefði verið brugðist hratt við hefði þurft að skipta út öllum gluggum með tilheyrandi kostnaði. Næsta sumar munu gluggar á norðvestur hlið verða málaðir, en þeir eru í örlítið betra ásigkomulagi og gátu beðið. Einnig þarf að skipta út gluggum hjá sundlaug og við Stjá sem eru ónýtir.

Í lok árs 2022 voru öll rými leigð út fyrir utan gömlu hjúkrunarrýmin á 4. og 5.hæð. Sjálfsbjargarheimilið nýtir stóran hluta hússins undir sína starfsemi eins og verið hefur undanfarin ár. Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra nýtir hinn hlutann og leigir út í margs konar starfsemi. Vegna viðkvæmrar starfsemi í húsinu er ekki hlaupið að því að finna hentuga leigjendur á 4. og 5. hæð eins og hún er í dag, stjórn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra tók því ákvörðun um skoða möguleikann á því að breyta gömlu hjúkrunarrýmunum í íbúðir. Um er að ræða samtals um 1000 m2 sem standa auðir, en mikil eftirspurn er eftir aðgengilegum íbúðum fyrir hreyfihamlaða og því er tækifæri í að nýta þetta rými á þennan hátt. Ferlið hefur gengið vel og samþykkti stjórn að halda áfram með verkefnið. Ask arkitektar sjá um teikningarnar, en brunahönnuður hefur einnig teiknað upp rýmið á 4. og 5. hæð og önnur nálæg rými. Aðaluppdrættir hafa nú verið sendir inn til samþykktar hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar. Um er að ræða alls 14 íbúðir sem eru með sér svefnherbergi, opnu eldhúsi og stofu og baðherbergi með sturtu. Allar hannaðar með algilda hönnun að leiðarljósi.

Merkingar: sett voru upp ný skilti innan og utandyra.






### 3.3 Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar

Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra var opin allt árið 2022 og jukust tekjur leigunnar um 37% á milli ára. Skýringuna má rekja til aukinnar eftirspurnar erlendra ferðamanna og auglýst var meira en áður. Það skilaði sér einnig í fjölgun á leigu hjálpartækja úti á landsbyggðina, en Hjálpartækjaleigan er í samstarfi við Eimskip um flutning á hjálpartækjum út á land. Það samstarf hefur verið mjög gott og ánægjulegt að geta aðstoðað fólk allstaðar á landinu með minni tilkostnaði fyrir alla.

Nokkur fyrirtæki og stofnanir eru með langtímaleigusamninga á hjálpartækjum hjá Hjálpatækjaleigunni og er ánægjulegt að samstarf skuli vera þar um. Einnig hafa sveitarfélög leitað til leigunnar þegar stórir viðburðir eru hjá þeim um leigu á hjálpartækjum. Í haust hófst svo vinna við að koma öllum hjálpartækjum í vefverslun Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra til þess að auðvelda fólki að leigja hjálpartæki, sú vinna var enn í gangi í árslok 2022. Að sjálfsögðu verður ennþá hægt að koma í leiguna og hringja til að fá aðstoð við leigu hjálpartækja. Mikil sóknarfæri eru til staðar fyrir Hjálpartækjaleigu Sjálfsbjargar og hófst vinna í samræmi við þau í lok árs 2022.




### 3.4 Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar

Eitt megin hlutverk ÞMS er að annast fræðslu- og upplýsingamál til hreyfihamlaðra sem og tengdra aðila. Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra fær fjölda fyrirspurna í hverri viku um ýmis málefni er varða réttindi og aðgengismál hreyfihamlaðra. Síðan þarfnast mikillar endurskoðunar og fjármagns til reksturs og ráðningar á starfsmanni. En verið er að skoða möguleika til fjármögnunar.

# FJÁRMÁL

## 4.1 Fjárhagsstaðan

Ársreikningur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra 2022 er hér aftast í skýrslunni. Þar sést á rekstrarreikningi að rekstrartekjur ársins eru 203 milljónir króna og rekstrargjöldin eru alls 207,3 milljónir (án fjármagnsgjalda). Tap var á rekstri ársins sem nemur 4.4 m.kr ásamt 10.2 m.kr fjármagnsgjalda vegna Saumalánsins svokallaða, sem hefur hækkað verulega á milli ára. Samtals 15.3 m.kr. Verulegur kostnaður hefur verið vegna endurbóta á íbúðum síðastliðin tvö ár en mikil verkskuld hefur safnast upp þar sem lítið var gert fyrir húsið eða íbúa þess vegna fyrirhugaðrar sölu á því og uppbyggingar á Landsmiðstöð, eins og komið hefur fram.

Nú hafa verið gerðar töluverðar umbætur á öllum íbúðum hússins og einungis minniháttar verkefni framundan á næsta ári og hefðbundið viðhald innandyra. Utandyra er ennþá verk að vinna, gluggar hússins liggja undir skemmdum og var árið 2022 farið í að mála alla glugga á suður og austur hlið hússins. Þessi kostnaður var tæpar 7 milljónir króna og verkið er í raun einungis hálfnað, sumarið 2023 þarf að skipta um útvegg hjá sundlauginni og Sjúkraþjálfuninni Stjá sem að eru ónýtir, en einnig þarf að mála glugga á framhlið hússins. Skoða þarf stóru svalirnar á 2.hæð hússins, en leki hefur komið í ljós á nokkrum stöðum.

Farið var af stað við að setja upp ljósleiðara í allt húsið en það var löngu kominn tími á að bæta netsamband fyrir íbúa og leigjendur hússins. Heildarupphæð á uppsetningu ljósleiðarans nemur um 1,5 milljón kr.

Skipta þarf út fjórum bílskúrshurðum á vesturhlið hússins sem eru ónýtar, tilboði frá Héðinshurðum var tekið upp á tæplega 3 milljónir króna, uppsetning á hurðunum verður á vormánuðum 2023.

Brunavarnir í Sjálfsbjargarhúsinu voru yfirfarnar á árinu og í framhaldi voru settar upp þrjár nýjar hurðir á 1. hæð, ásamt uppfærðum neyðarmerkingum í samræmi við núgildandi staðla. Þetta brýna verkefni kostaði 3,5 milljón króna á árinu 2022.

Alltaf koma upp einhver ófyrirséð verkefni í stóru og gömlu húsi. Sumarið 2022 var mikill leki sem kom frá stífluðu salerni í eldhúsi Sjálfsbjargarheimilisins niður í kaffistofu Sjúkraþjálfuninnar Stjá með tilheyrandi raski, vinnu og kostnaði. Heildarkostnaður þessa tjóns er hátt í 3 milljónir króna sem ekki fæst bætt úr tryggingum.

Lyftur Sjálfsbjargarhússins eru gamlar og biluðu margoft á árinu og þurfti all oft að kalla út vaktmenn til að sinna viðgerðum og skipta um lyftubúnað, kostnaður er á aðra milljón vegna þessa.

Launakostnaður starfsmanna var hærri árið 2022 en árið áður en fyrir því eru nokkrar ástæður, fyrrum formaður lét af störfum sem starfsmaður á skrifstofu í apríl en var á launaskrá fram í ágúst vegna samnings sem gerður var við hann á sínum tíma. Því voru tveir formenn á launum um tíma eða frá apríl fram í ágúst. Þá var fyrrum umsjónarmaður fasteigna, sem lét af störfum í um mitt ár, verktaki sem féll undir rekstrarkostnað á undanförnum árum en nýr umsjónarmaður fasteigna er launþegi. Á móti kemur að rekstrarkostnaður lækkar sem því nemur.

Þá tók stjórn ákvörðun um að halda tveimur húsvörðum vegna mikilla framkvæmda í húsinu og með því var hægt að minnka kaup utanaðkomandi verktaka töluvert.

Heildarfjöldi starfsfólks landssambandsins í lok árs 2022 voru átta einstaklingar, þar með talinn formaður stjórnar.

Tekjur vegna Hjálpartækjaleigu Sjálfsbjargar árið 2022 námu rúmum 7 milljónum króna og er það aukning frá fyrra ári um 37%.

Styrkir á árinu frá ÖBÍ réttindasamtökum voru um 7,6 milljónir króna og fjáraflanir Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra námu um 70 milljónum króna. Vonir voru bundnar við að fjáröflun ársins 2022 yrði meiri en raunin var. Nánar er farið yfir það í kafla 4.3.

Þegar efnahagsreikningurinn er skoðaður kemur fram að eignir í lok árs 2022 eru alls 256.6 milljónir króna. Fasteignir og lóðin er aðeins bókfært á 256.6 milljónir króna meðan fasteignamat Hátúns 12 er um 2.9 milljarðar króna.

Langtímaskuldir eru 87 milljónir króna sem er vegna láns sem var tekið, vegna kaupa á eignarhluta í Hátúni 12 (Saumahúsnæðið svokallaða).

## 4.2 Starfsmannamál

Nokkur breyting varð á starfsmannahóp Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra á árinu. Guðrún Arna Kristjánsdóttir var ráðinn í byrjun árs, hún kom til starfa í maí og tók við starfi fjármálastjóra. Þá var ráðin inn verkefnastjóri markaðsmála og viðburða, Guðbjörg Runólfsdóttir, sem hóf störf í október. Óskar Jósef Óskarsson umsjónarmaður fasteigna lét af störfum sumarið 2022 og undir haust tók til starfa Karl Ingi Karlsson. Pála Kristín Bergsveinsdóttir starfaði sem verkefnastjóri Þekkingarmiðstöðvar í tímabundnu starfi í 8 mánuði. Þá lét Bergur Þorri af störfum sem starfsmaður á skrifstofu í apríl. Heildarfjöldi starfsmanna Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra í lok árs 2022 var átta manns, þar með talinn formaður stjórnar. Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir var kjörin formaður á landsfundi í apríl og er hún í 50% starfi.

Í desember fluttu starfsmenn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra af 3.hæðinni niður á 1. hæð í rými Hjálpartækjaleigu Sjálfsbjargar. Þessi flutningur hefur verið mjög jákvæður, minni yfirbygging og meiri og betri samvinna þegar allir eru komnir á einn stað.








## 4.3 Helstu tekjupóstar og fjáraflanir

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra heldur reglulega úti ýmsum fjáröflunum sem í áranna rás hafa gefið samtökunum umtalsvert fjármagn til reksturs þeirra. Fjárþörfin er mikil svo unnt sé að halda úti öflugu málefnastarfi og halda við stóru húsnæði sem komið er til ára sinna. Því er afar mikilvægt að vera sífellt vakandi yfir nýjum hugmyndum að fjáröflunum og eru félagar hvattir til að koma góðum hugmyndum á framfæri. Hér á eftir eru helstu fjáraflanir samtakanna kynntar frekar.

Vonir voru bundnar við að fjáröflun ársins 2022 yrði meiri en raunin var. Ein ástæðan fyrir því að svo varð ekki, er að Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu, sem heitir samkvæmt fyrirtækjaskrá Sjálfsbjörg, félag hreyfihamlaðra, hefur ítrekað sent út óvalkvæðar styrkja kröfur í heimabanka einstaklinga um allt land, m.a. til látinna einstaklinga. Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra hefur þurft að svara hundruðum símtala og tölvupóstum frá reiðum einstaklingum sem halda að beiðnin komi frá Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra. Ákveðið var að hringja ekki út styrktarbeiðnir síðasta haust vegna þessa. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra um breytingar á vinnubrögðum og nafnabreytinu aðildarfélagsins hefur því ekki verið sinnt eða svarað. Það er með öllu óásættanlegt og Sjálfsbjörg ekki til framdráttar. Samkvæmt lögum Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra, 7. grein, nánar um aðildarfélög, segir:

> a. Í nafni aðildarfélags þarf að koma fram heitið Sjálfsbjörg og starfssvæði þess.

### 4.3.1 Húsaleiga

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra stendur í umtalsverðum leigurekstri í Sjálfsbjargarhúsinu og hefur gert í fjölda ára. Húsaleigutekjur er stærsti einstaki tekjupóstur samtakanna, eða um 116,3 milljónir króna árið 2022 samanborið við 111,6 milljónir króna árinu áður. Um er að ræða tvenns konar útleigu; annars vegar íbúðaleigu og hinsvegar leiga á húsnæði fyrir fyrirtæki. Íbúðaleigan er bæði almenn leiga íbúða til hreyfihamlaðra og fyrir þjónustuþega hjá Sjálfsbjargarheimilinu. Sjálfsbjargarheimilið hefur verið með íbúðir á 2., 3. og 4. hæð eyrnamerktar sér en því miður hafa þó nokkrar staðið tómar hluta af árinu 2022 með tilheyrandi skerðingu á leigutekjum fyrir Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra. Um langt árabil hefur verið misræmi í leiguverði íbúða og annara leigurýma í Hátúni 12, það var í september sem tilkynnt var að frá og með 1.janúar 2023 yrði leiguverð samræmt og í einhverjum tilfellum hækkað þar sem ekki var hjá því komist að hækka leigu til að standa straum af kostnaði við rekstur hússins.

### 4.3.2 Happdrætti

Happdrætti hafa verið fastur tekjupóstur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra í langan tíma. Um árabil hafa verið rekin tvö happdrætti með sama sniði ár hvert. Annað er nefnt Jónsmessuhappdrætti og er dregið í því á Jónsmessudag þann 24. júní. Hitt er áramótahappdrætti og er dregið í því þann 31. desember. Afkoma happdrættanna ræðst eðlilega af útflæði vinninga og hvort stærsti vinningurinn gangi út hverju sinni. Í fyrsta sinn setti Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra happdrættismiða í sölu í vefverslun sinni fyrir áramótahappdrættið 2022 og gekk það vonum framar. Það er ferli sem er í stöðugri framþróun og eru vonir um að salan verði enn meiri í komandi happdrætti. Staðan á þessum markaði er krefjandi en skemmtileg og mikilvægt að fylgja stefnum og straumum þar eins og annarsstaðar.

### 4.3.3 Hollvinir Sjálfsbjargar

Hópur fólks og fyrirtækja hefur styrkt Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra með mánaðarlegu fjárframlagi og er hópurinn nefndur **Hollvinir Sjálfsbjargar**. Þetta hefur gefið nokkuð fastar tekjur árlega en þarf að vakta verkefnið ansi vel. Alla jafna er almenn úthringing til að safna nýjum Hollvinum á ári hverju. Vegna fjáröflunar aðildarfélags Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra sem áður hefur verið farið yfir varð ekkert af úthringingum árið 2022. Framlag Hollvina skiptir sköpum fyrir Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra og því er miður að hafa ekki náð settu markmiði fyrir árið 2022.

Hér er um góða framtíðarfjáröflun að ræða og næst öflugasti tekjupóstur samtakanna. Nýjasta skýrsla frá Miðlun sýnir að um 80% hollvina er 60 ára og eldri og þarf að fara að huga að því hvernig er hægt að ná til yngra fólks.

### 4.3.4 Styrkur ÖBÍ

Árlega veita ÖBÍ réttindasamtök fastan styrk til sinna aðildarfélaga og er þar tekið tillit til félagafjölda hvers og eins. Jafnframt hafa síðustu ár verið veittir viðbótarstyrkir ef afkoma ÖBÍ réttindasamtaka hefur hefur verið góð. Árið 2019 voru heildarstyrkir ÖBÍ réttindasamtaka til Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra 5,4 milljónir króna, árið 2020 voru það 9 milljónir króna og 2021 voru heildarstyrkir 6,2 milljónir króna. Árið 2022 voru veittir þrír styrkir, heildarupphæð nam um 7,6 milljónum króna.

### 4.3.5 Nýjar fjáröflunarleiðir

Mikilvægt er að skýra betur hlutverk Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra, kynna Sjálfsbjörg út á við og fá fleiri styrktaraðila fyrir stærri verkefnum á landsvísu.

Vefverslun Sjálfsbjargar var sett á laggirnar haustið 2021. Völdum nokkrar vörur og sumar slógu algjörlega í gegn og jólaverslunin gekk framar vonum. Vefverslun gekk ágætlega árið 2022 og við bættum við fleiri áhugaverðum vörum. Stefnt er að því að efla vefverslunina enn frekar á næsta ári með fjölbreyttari vörum tengdum árstíðum.

# FÉLAGSMÁLIN

## 5.1 Landsfundur 2022

Landsfundur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra var haldinn í Reykjavík 30. apríl 2022 á Grand hótel. Fundinn sátu 24 fulltrúar frá 8 aðildarfélögum Sjálfsbjargar ásamt stjórn og starfsfólki. Helstu dagskrárliðir fundarins voru:

**Ávarp formanns**
Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, varaformaður og starfandi formaður í fjarveru Bergs Þorra Benjamínssonar formanns, fór yfir helstu verkefni á síðasta starfsári.

**Starfandi formaður lýsti landsfund settan**
Dagskrá lögð fram til samþykktar. Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundarins. Dagskrá fundarins hafði verið birt rafrænt á heimasíðu Sjálfsbjargar.

- Skýrsla stjórnar og ársreikningur samtakanna fyrir árið 2021 voru kynntir og ársreikningarnir síðan samþykktir. Skýrsluna með ársreikningunum má finna á vefsíðu samtakanna.
- Skýrslur félaganna voru ekki sérstaklega kynntar. Fram komu athugasemdir um mikilvægi þess að öll félög skili ársskýrslum. Stjórn tók það að sér að ýta eftir því að félög skili öllum gögnum á tilsettum tíma.
- Skýrsla og ársreikningur Sjálfsbjargarheimilisins voru kynnt.
- Fjárhagsáætlun 2022-2023 var lögð fram og samþykkt.
- Tillaga um óbreytt árgjald var lögð fram og samþykkt.
- Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar. Heildarendurskoðun á lögum Sjálfsbjargar var gerð á starfsárinu með aðstoð Áslaugar Björgvinsdóttur og má þar helst nefna aðgreiningu stjórnar Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra og Sjálfsbjargarheimilisins. Ný lög félagsins má finna á vefsíðu félagsins.

**Kosningar**
María Óskarsdóttir nefndarmaður kjörnefndar kynnti hlutverk hennar. Eftirfarandi aðilar hlutu kjör:

**Stjórn:** Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, Guðni Sigmundsson, Margrét S. Jónsdóttir, Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir, Kristján Júlíusson, Elmar Logi Heiðarsson og Ólafía Ósk Runólfsdóttir.

**Medic Alert:** Margrét Kristleifsdóttir.

**Minningarsjóðu JPS:** Hafdís B. Hilmarsdóttir.

**Kjörnefnd:** Þorbera Fjölnisdóttir, María Óskarsdóttir, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Margrét S. Jónsdóttir og Ágúst Guðjónsson.

**Laganefnd:** Elmar Logi Heiðarsson, Berglind Ósk Runólfsdóttir, Ólafía Ósk Runólfsdóttir, María Óskarsdóttir og Frímann Sigurnýjasson.

**Fulltrúar Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra í stjórn Sjálfsbjargarheimilisins:** Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, Ólafía Ósk Runólfsdóttir og Margrét S. Jónsdóttir.

**Hjálparliðasjóður:** Guðrún Elísabet Bentsdóttir, Ásta Þórdís S. Guðjónsdóttir og María Óskarsdóttir.

**Ályktanir samþykktar á Landsfundi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra 2022:**

## Ályktun um hjálpartæki

Landsfundur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaða haldinn 30. april 2022 skorar á ríkisvaldið og stjórnendur Sjúkratrygginga Íslands að tryggja hreyfihömluðum viðeigandi hjálpartæki til allra frístunda og íþrótta sem þeir vilja stunda. Núverandi lög og reglur um hjálpartæki eru allt of takmörkuð varðandi úthlutun á hjálpartækjum sem er hreyfihömluðum nauðsynleg til að stunda frístundir og íþróttir. Einnig bera þau mikinn aukakostnað sjálf við kaup á búnaði.

## Ályktun um aðgengi að húsnæði

Landsfundur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra haldinn 30. apríl 2022 skorar á ríki og sveitarfélög að þau tryggi að hreyfihamlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað, hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra. Til þess að svo megi verða skal tryggja að enginn verði þvingaður í búsetuform eða úrræði gegn hans vilja eða þörfum. Einnig er mikilvægt að tryggja að hreyfihamlað fólk sem býr í eigin húsnæði geti aðlagað húsnæðið eftir sínum þörfum hverju sinni án þess að þurfa að skuldsetja sig umfram aðra.

## Ályktun um aðgengi að námi

Landsfundur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra haldinn 30. apríl 2022 skorar á ríki og sveitarfélög að þau tryggi að hreyfihamlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér framhaldsnám með því að tryggja aðgengilegt, öruggt og eflandi námsumhverfi og stuðla að þátttöku nemenda og virkni í námi. Koma þarf til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda með sértækum úrræðum, til að tryggja þátttöku þeirra í námi, ma. gera þeim kleift að stunda sveigjanlegt nám og eiga möguleika á fjarnámi þegar það á við.

## Ályktun um kjaramál

Landsfundur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra sem haldinn var 30. apríl 2022, skorar á ríkisvaldið að tryggja fötluðu og langveiku fólki viðunandi, raunhæfa og skerðingalausa framfærslu með það að markmiði að gera þeim kleift að framfleyta sér og fjölskyldu sinni og lifa sjálfstæðu lífi til jafns við aðra.

Í skýrslu Kolbeins H. Stefánssonar og Helga E. Eyjólfssonar um brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum sem unnin var fyrir Velferðarvaktina og gefin út í janúar 2022, kemur fram að örorka foreldra þ.e. félagsleg og efnahagsleg staða þeirra sem hafa örorkulífeyri að framfærslu, jók gríðarlega líkur á brotthvarfi barna þeirra úr námi enda er stærsti einstaki hópurinn innan þeirra sem búa við fátækt á Íslandi örorkulífeyrisþegar og þá sérstaklega einstæðir foreldrar á örorkulífeyri. Þessar niðurstöður eru studdar af niðurstöðum fjölda innlendra og erlendra rannsókna. Af þessum rannsóknum er því ljóst að ekki aðeins standa öryrkjar verr að vígi félagslega og efnahagslega í íslensku samfélagi vegna fátæktar sinnar heldur hefur staðan gríðarleg áhrif til hins verra á framtíðarmöguleika barna þeirra. Börn fatlaðra og langveikra eiga allt að helmingi minni möguleika á að mennta sig úr fátæktinni og fá því aldrei svipuð tækifæri eða eiga jafna möguleika á við jafnaldra sína. Þessi ójöfnuður stangast á við allt sem við teljum okkur standa fyrir í velferðarríki og er engan veginn ásættanlegt. Sjálfsbjörg, landssamband hreyfihamlaðra skorar á stjórnvöld að breyta þessu strax.

## Önnur mál

Málaferli Brynju leigufélags gegn Hátúni 12 og 14, ásamt Reykjavíkurborg. Sveinn Guðmundsson lögmaður Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra, fór í gegnum stöðu á málaferlunum sem snúast um hvort að þau skjöl sem hafa raðast inn í gegnum tíðina séu rétt um skiptinguna frá árinu 1966. Lóðarhafar lóðanna Hátún 10 og 12 gerðu með sér samkomulag um skiptingu á lóðinni í fyrst tvær stakar lóðir og seinna 3 stakar lóðir og er samþykkt á sínum tíma. Hins vegar láðist að þinglýsa því samkomulagi á sínum tíma og málið því ekki klárað. Í upphafi voru ÖBÍ réttindasamtök lóðarhafi en seinna færðust lóðirnar yfir til Brynju leigufélags. Nýr dómari er kominn í málið sem tefur málið enn frekar.

## Málefnastarf og verkefni haust/vetur 2021-2022

Ósk kynnti m.a. aðgengisfulltrúanámskeið, nýjan aðgengis úttektarlykill, myndbönd og námskeið sem eru í bígerð. Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra fær mikið af fyrirspurnum og óskir um aðstoð við úttektir og væri gott að félagsmenn gætu tekið út ýmsa staði. Námskeiðin verða haldin rafrænt.

-Sagði frá fjáröflunarnámskeiði sem verður í vetur en stjórn, starfsmenn og aðildarfélög geta tekið þátt í, en markmiðið er að efla þekkingu landans á Sjálfsbjörg og efla fjáröflun samhliða. -Samstarfsverkefni ferðamálastofu, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS), Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra og ÖBÍ Réttindasamtaka. Byrjað verður á gististöðum og

veitingastöðum og verður útbúið sjálfsmat sem eigendur/rekstraraðilar gististaða geti farið eftir á einfaldan hátt ásamt fræðsluefni.

-Sagði frá Römpum upp Reykjavík en Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er einn af stofnaðilum og er það verkefni að heppnast virkilega vel og er á undan áætlun.

-Samstarfssamningar var gerður við ON m.a. um úttektir á aðgengi að hleðslustöðvum.

-Norðurlandaráðstefna Nordisk Handikap Forbund verður haldin í Kaupmannahöfn í nóvember. Áætlað er að framkvæmdastjóri og formaður fari á ráðstefnuna. Haraldur Þorleifsson mun einnig vera með erindi um Römpum upp Reykjavík.

Landsfundi Sjálfsbjargar eru gerð ítarlegri skil í fundargerð á heimasíðu Sjálfsbjargar.

# MÁLEFNASTARFIÐ

## 6.1 Aðgengismál

Þrátt fyrir tilkomu laga um algilda hönnun árið 2012 og fjölbreytt aðgengisverkefni á síðustu árum, eigum við enn langt í land með að tryggja aðgengi allra alls staðar, að byggingum, þjónustu, námi og atvinnu svo eitthvað sé nefnt. Lög og reglur eru túlkaðar misjafnlega og þekkingu á þessum málaflokk hjá ríki og sveitarfélögum er ábótavant. Við höfum því ráðist í fjölmörg spennandi verkefni.

### Aðgengisnámskeið

Vegna fjölda fyrirspurna á skrifstofu, og til að efla þekkingu og stækka hóp þeirra sem geta gert úttektir á aðgengi, bar framkvæmdastjóri fram þá tillögu fyrir stjórn að boðið yrði upp á námskeið í úttektum á aðgengi fyrir aðildarfélögin. Stjórn samþykkti tillöguna á stjórnarfundi í nóvember 2020 og var Harpa Cilia Ingólfsdóttir byggingarfræðingur og starfsmaður Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) fengin til að leiða námskeiðin f.h. Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra. Markmiðið með námskeiðunum er að skapa þekkingu um allt land fyrir aðildarfélaga og hafa nú tvö námskeið verið haldin. Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra fór í framhaldinu í samvinnu við aðgengisfulltrúa sveitarfélaganna og hefur verið boðið upp á fimm námskeið. Markmiðið fyrir árið 2023 er að bjóða upp á enn fleiri námskeið fyrir bæði aðgengisfulltrúa sveitarfélaganna sem og fyrirtæki á landinu.

### Ráðgjöf og úttektir á aðgengi

Vegna fjölda fyrirspurna á skrifstofu, og til að Sjálfsbjörg landssamband hefur boðið upp á ráðgjöf og úttektir með umbótatillögum m.a. til fyrirtækja og stofnana og fer þessum beiðnum fjölgandi.

### Samstarfsverkefni með Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Ferðamálastofu og ÖBÍ réttindasamtökum

Hafist var handa við nýtt og spennandi samvinnuverkefni árið 2021, en markmiðið er að efla fræðslu og þekkingu á aðgengismálum innan ferðaiðnaðarins. Útbúinn hefur verið sérstakur úttektarlisti út frá aðgengislykli Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra og einnig fræðsluefni sem eigendur, rekstraraðilar og starfsmenn gististaða og veitingastaða kynna sér. Ef allt er eins og það á að vera fá staðirnir sérstakt merki á heimasíðu sína, sem loforð um að aðgengismálin séu í lagi. Einnig verða allir aðgengilegir staðir skráðir inn í TravAble appið. Verkefninu var formlega ýtt úr vör haustið 2022 og kynnt á Grand Hótel. Árið 2023 verður verkefninu haldið áfram og skoðað verður að vinna að efni fyrir enn fleiri ferðamannastaði eins og söfn, baðstaði og aðra vinsæla ferðamannastaði utandyra svo eitthvað sé nefnt.

### Römpum upp Reykjavík og Römpum upp Ísland

Aðgengi á Íslandi er oft mjög takmarkandi fyrir hreyfihamlaða. Því er mikilvægt að koma upp römpum eða tryggja aðgengi með öðrum hætti. Ramparnir geta verið jafn misjafnir og þeir eru




margir — og þeir eiga svo sannarlega að vera margir. Oft þarf ekki annað en að leysa aðgengi upp eina tröppu eða yfir háan þröskuld með einföldum hætti og með sameiginlegu átaki þjónustuaðila, verktaka og yfirvalda á þetta ekki að vera mikið mál og með því stuðlum við að bættu umhverfi og betra aðgengi.

Í mars 2021 var verkefnið Römpum upp Reykjavik sett formlega af stað, en tilgangur verkefnisins var að auka aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, verslun og veitingahúsum í Reykjavík til að byrja með. Markmiðið var að byggja 100 rampa á einu ári. Það tókst á átta mánuðum. Í mars 2022 hófst verkefnið Römpum upp Ísland og er markmiðið í þetta sinn að byggja 1500 rampa um allt land á næstu 4 árum.

Haraldur Þorleifsson, frumkvöðull og stofnandi hönnunar fyrirtækisins Ueno, er hvatamaður verkefnisins. Stofnfé sjóðsins eru framlög einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana sem vilja leggja sitt af mörkum til að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra um allt land. Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er stoltur styrktaraðili að verkefninu og jafnframt er framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra varaformaður stjórnar Römpum upp Ísland.

Verkefnið hefur hlotið mikið lof og landsmenn eru sem aldrei fyrr farnir að velta fyrir sér aðgengi á hinum ýmsu stöðum. Við sjáum það m.a í fjölgun fyrirspurna á skrifstofu Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra þar sem einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög óska eftir aukinni aðstoð við að bæta aðgengi hjá sér.

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra verður áfram stoltur þátttakandi og styrktaraðili að verkefninu.



## 6.2 Heimsóknir

Heimsóknir til aðildarfélaga er mikilvægur liður í starfi formanns Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra. Farið var í nokkrar heimsóknir til aðildarfélaga Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra á árinu. Formaður og framkvæmdastjóri heimsóttu m.a. Sjálfsbjörg í Bolungarvík og á Ísafirði. Einnig var farin ferð norður og félögin Sjálfsbjörg á Akureyri, Sjálfsbjörg á Húsavík, Sjálfsbjörg Fjallabyggð og Sjálfsbjörg í Skagafirði heimsótt. Ekki náðist að klára heimsóknir til allra félaga á árinu en formaður skipuleggur næstu heimsóknir.



Frá heimsókn á Sauðárkrók



Frá heimsókn á Húsavík



Heimsókn til Sjálfsbjargar Ísafirði



Frá heimsókn til Siglufjarðar



Frá heimsókn til Akureyrar



Stjórn Sjálfsbjargar og bæjarstjóri Bolungarvíkur

# UPPLÝSINGAMÁL

**Upplýsingamál eru hverju félagi mikilvæg til að skapa sér góða ímynd og sérstöðu. Í upplýsingaóreiðu samtímans fer mikil vinna í að koma í veg fyrir að félög gleymist og halda uppi sterkum hugrenningatengslum fólks við ímynd félagsins. Í október 2022 kom til starfa nýr starfsmaður, Guðbjörg Runólfsdóttir, til að sjá um upplýsingamál. Hún sér nú um birtingar á heimasíðu félagsins, samfélagsmiðlum og samskipti við fjölmiðla ásamt skipulagningu viðburða.**

## 7.1 Ársskýrsla

Árlega gefur Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra út ársskýrslu sem lögð er fram á árlegum Landsfundi samtakanna. Í ársskýrslunni er farið yfir helstu starfsemi á vegum samtakanna það árið, stjórn og starfsfólk á yfirstandandi ári kynnt, þau málefni sem verið er að vinna að kynnt og ársreikningur samtakanna birtur. Ársskýrsluna má síðan finna á vefsíðu Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra.

## 7.2 Klifur

Tímarit Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra, Klifur, kom út í lok árs í 3500 eintökum. Blaðinu var m.a. dreift til allra félagsmanna, á sjúkrahús, heilsugæslur, skóla og til styrktaraðila. Í blaðinu voru fréttir af starfi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra á árinu og mörg viðtöl meðal annars við Harald Þorleifsson forsprakka Römpum upp Ísland og Megan Lee Smith doktorsnema í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands. Ritstjóri blaðsins var Páll Tómas Finnsson.




Haraldur Þorleifsson prýddi forsíðu Klifurs 2022

## 7.3 Öllum boðið nema fötluðum?

Í lok október setti Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra af stað herferð sem ber heitið **Öllum boðið, nema fötluðum?** Herferðin var myndbönd úr hreyfigrafík sem var dreift á samfélagsmiðlum, bæði á miðlum Sjálfsbjargar og með kostuðum birtingum, sem og í strætóskýlum. Markmiðið var að fá almenning til að hugsa um aðgengi í sínu nærumhverfi og hversu mikil áhrif slæmt aðgengi hefur á líf fatlaðs fólks. Herferðin gekk vel og hlaut töluverða fjölmiðlaathygli.




Hreyfigrafíkina er hægt að nálgast á samfélagsmiðlum Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra.




Á myndinni má sjá nýjung í miðlun ályktana Landsfundarins á samfélagsmiðlum.

## 7.4 Vefsíða

Á vefsíðu Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra koma reglulega inn fréttir gagnlegar félagsmönnum, sem og almennar fréttir af starfi samtakanna. Sú nýbreytni var tekin upp að deila viðtölum úr Klifur á heimasíðuna og myndum úr viðtölunum á samfélagsmiðla. Á heimasíðunni er einnig að finna mikilvægar upplýsingar og gögn um samtökin og árleg happdrætti Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra. Áberandi aukning var í fjölda fólks sem heimsótti síðuna á fyrsta degi **Öllum boðið, nema fötluðum?** og í rétt eftir útdrátt úr happdrættunum.

## 7.5 Samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðar eru öflugt tól til að ná til almennings, breyta viðhofum og fræða. Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er nú á Facebook, Instagram og Tiktok. Aukið efni kemur inn á samfélagsmiðlana og þar má meðal annars finna fréttir af starfinu, málefni líðandi stundar sem tengjast fötlun, fræðslu fyrir almenning og brot úr sögu Sjálfsbjargar. Ennfremur voru samfélagsmiðlarnir notaðir til að auglýsa happdrættin og vefverslunina. Félagsmenn og önnur eru hvött til að kynna sér og deila efni samtakana og hjálpa til við að breyta viðhorfum almennings til fatlaðra og kynna starfsemi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra.




Sögu Sjálfsbjargar haldið á lofti á samfélagsmiðlum.

## 7.6 Fjölmiðlar

Snjóþyngsli í byrjun árs 2022 voru mörgum til trafala og Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, formaður tók þátt í innslagi á fréttastofu RÚV um áhrif snjósins á hreyfihamlaða. Í júní 2022 kom út forsíðuviðtal við Margréti Lilju í Fréttablaðinu. Þar fjallaði hún meðal annars um lélegt aðgengi í Háskóla Íslands. Öllum boðið, nema fötluðum? herferðin fékk mikla og verðskuldaða athygli. Fjallað var um herferðina og viðtöl á öllum stærstu miðlunum. Margrét Lilja og Ósk Sigurðardóttir töluðu fyrir hönd samtakanna og stóðu sig með mikilli prýði. Ósk skrifaði grein í lok árs ásamt Ágústi Bjarna Garðarssyni um skort á akstursþjónustu fyrir fatlaða yfir hátíðirnar.



Margrét Lilja fjallar um Öll nema fötluð? í Kastljósi í október 2022.

# TENGINGAR ÚT Í SAMFÉLAGIÐ

**Nefndir, samtök og starfshópar sem Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er aðili að eða sem stjórnarfólk eða starfsfólk Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra taka þátt í fyrir hönd samtakanna.**

**Öryrkjabandalag Íslands**

Fulltrúar Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra á aðalfundi ÖBÍ réttindasamtaka 2022 voru: Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, Jón Heiðar Jónsson, Þuríður Harpa Sigurðardóttir, Ásta Þórdís Skjalddal, Guðni Sigmundsson, María Óskarsdóttir og Grétar Pétur Geirsson.

**Sjálfsbjargar félagar í stjórnkerfi ÖBÍ réttindasamtökum:**

Formaður ÖBÍ réttindasamtaka: Þuríður Harpa Sigurðardóttir (2017-2023)
Gjaldkeri í stjórn: Jón Heiðar Jónsson (2020-2024)
Aðalfulltrúi í stjórn: Guðni Sigmundsson (2022-2024)
Aðalfulltrúi í laganefnd: María Óskarsdóttir (2021-2023)
Varafulltrúi skoðunarmanna reikninga ÖBÍ réttindasamtaka: Grétar Pétur Geirsson (2021-2023)
Varafulltrúi í laganefnd ÖBÍ réttindasamtaka: Ásta Þórdís Skjalddal (2021-2023)

**Málefnahópur ÖBÍ réttindasamtaka um aðgengi**

Formaður: Bergur Þorri Benjamínsson.
Aðalfulltrúi: Ólafía Ósk Runólfsdóttir

**Málefnahópur ÖBÍ réttindasamtaka um heilbrigðismál**

Aðalfulltrúi: Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir
Varafulltrúi: Guðni Sigmundsson

**Málefnahópur ÖBÍ réttindasamtaka um húsnæðismál**

Aðalfulltrúi: María Óskarsdóttir

**Málefnahópur ÖBÍ réttindasamtaka um atvinnu- og menntamál**

Aðalfulltrúi: Pála Kristín Bergsveinsdóttir

**Stýrihópur Kvennahreyfingar ÖBÍ réttindasamtaka**

Þorbera Fjölnisdóttir, Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir, Helga Magnúsdóttir og Sóley Axelsdóttir

**Hvatningarverðlaun ÖBÍ réttindasamtaka**

Aðalfulltrúi: Helga Magnúsdóttir

**EAPN - European Anti Poverty Network**

Aðalfulltrúi: Logi Þröstur Linnet
Varafulltrúi: Ásta Þórdís Skjalddal

**NHF - norrænt bandalag hreyfihamlaðra á Norðurlöndum**

Tengiliður: Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir og Ósk Sigurðardótti

**Samráðshópur sjúklingasamtaka hjá NLSH v. byggingar nýs Landspítala**

Aðalfulltrúi: Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir

**Námssjóður Sigríðar Jónsdóttir**

Formaður: Guðríður Ólafs Ólafíudóttir
Aðalfulltrúi: Eva Þórdís Ebenezersdóttir

**Sjóður Odds Ólafssonar**

Varafulltrúi: Þorbera Fjölnisdóttir

**List án landamæra**

Aðalfulltrúi: Guðríður Ólafs Ólafíudóttir

**Íslensk Getspá**

Aðalfulltrúi í stjórn: Bergur Þorri Benjamínsson

**TMF-Tölvumiðstöð**

Varafulltrúi: Sævar Guðjónsson

**Ráð Háskóla Íslands um málefni fatlaðs fólks**

Fulltrúi stúdenta: Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir

**Málefni fatlaðs fólk innan sveitarfélaga**

Margir Sjálfsbjargarfélagar eru virkir í ýmsum nefndum og ráðum innan sinna sveitarfélaga.

**Almannaheill**

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er með aðild að Almannaheillum samtökum þriðja geirans.

**Römpum upp Reykjavík**

Ósk Sigurðardóttir gjaldkeri og aðalmaður í stjórn og Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir varamaður í stjórn.

**Römpum upp Ísland**

Ósk Sigurðardóttir varaformaður og aðalmaður í stjórn og Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir varamaður í stjórn.

**PEPP Grasrót fólks í fátækt og félagslegri einangrun**

Stjórnarmaður: Ásta Þórdís Skjalddal.

# HELSTU MÁL Á FUNDUM STJÓRNAR SJÁLFSBJARGAR LANDSSAMBANDS HREYFIHAMLAÐRA ÁRIÐ 2022

Helstu verkefni stjórnar eru að stýra starfsemi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra og annast málefni samtakanna á milli landsfunda þar sem stjórnarmenn eru kosnir til þeirra starfa skv. lögum samtakanna. Stjórn ræður framkvæmdastjóra sem ber svo ábyrgð á daglegum rekstri.

Á vettvangi stjórnar er bæði fjallað um málefni er varða baráttumálin og málefnastarfið en einnig meiriháttar ákvarðanir er varðar rekstrarmál sem stjórn felur svo framkvæmdastjóra og starfsmönnum að koma í framkvæmd.

Stjórn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Hér á eftir er listi yfir helstu mál sem voru til umfjöllunar á árinu 2022. Þess ber þó að geta að hér er ekki um að ræða tæmandi lista þar sem formaður, og eftir atvikum aðrir stjórnarmenn, hafa sótt fjölda funda sem varðar málefni hreyfihamlaðra eða þeim tengd.

Stjórn landssambandsins hafði í mörg horn að líta á árinu. Þar má helst nefna heildarendurskoðun á lögum félagsins, ákvörðun um að breyta fyrrum hjúkrunardeildum á 4. og 5. hæð í íbúðir, málaferli Brynju leigufélags gegn Reykjavíkurborg, Sjálfsbjörg landssambandi og íþróttafélagi fatlaðra og áframhaldandi viðhald á Hátúni 12. Önnur mál sem tekin voru fyrir á stjórnarfundum eru t.d. Verkefnið Gott Aðgengi í samvinnu við Ferðamálastofu, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og ÖBÍ - réttindasamtök, Römpum upp Ísland, Aðgengisdagurinn 2022, fjáröflunarmál og heimsóknir til aðildarfélaga.



# AÐILDARFÉLÖG SJÁLFSBJARGAR LANDSSAMBANDS HREYFIHAMLAÐRA OG STJÓRNARFÓLK 31.12. 2022

**Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni**

| | |
|---|---|
| Herdís Ingvadóttir | formaður |
| Ívar Herbertsson | varaformaður |
| Jósep Sigurjónsson | gjaldkeri |
| Kristín Sigfúsdóttir | ritari |
| Sigrún María Óskarsdóttir | meðstjórnandi |

Varamenn:

Jakob Tryggvason
Linda Egilsdóttir
Rúnar Þór Björnsson

**Sjálfsbjörg í Austur-Húnavatnssýslu**

| | |
|---|---|
| Ingunn María Björnsdóttir | formaður |
| Kristín Hrönn Árnadóttir | varaformaður |
| Auður Ingibjörg Hafsteinsdóttir | gjaldkeri |
| Jón Sigurðsson | ritari |
| Sigríður Höskuldsdóttir | meðstjórnandi |
| Bjarni Stefánsson | meðstjórnandi |

**Sjálfsbjörg í Bolungarvík**

| | |
|---|---|
| Kristján Karl Júlíusson | formaður |
| Ólafía Ósk Runólfsdóttir | varaformaður |
| Nikólína Beck Þorvaldsdóttir | gjaldkeri |
| Margrét Sæunn Hannesdóttir | ritari |
| Magnús Ingi Jónsson | meðstjórnandi |
| Anna Torfadóttir | meðstjórnandi |

**Sjálfsbjörg á Siglufirði/Fjallabyggð**

| | |
|---|---|
| Hafdís Eyland Gísladóttir | formaður |
| Sigurrós Sveinsdóttir | varaformaður |
| Sólveig Halla Kjartansdóttir | gjaldkeri |
| Guðný Guðmundsdóttir | ritari |
| Björg Einarsdóttir | meðstjórnandi |
| Finnur Óskarsson | meðstjórnandi |
| María Lillý Ragnarsdóttir | meðstjórnandi |

**Sjálfsbjörg á Mið-Austurlandi**

| | |
|---|---|
| Guðni Sigmundsson | formaður |
| Berglind Sigurðardóttir | varaformaður |
| Þórir Dan Friðriksson | gjaldkeri |
| Sigríður Birna Ólafsdóttir | ritari |
| Arnar Klementsson | meðstjórnandi |

**Sjálfsbjörg á Húsavík og nágrenni**

| | |
|---|---|
| María Óskarsdóttir | formaður |
| Hermann Larsen | gjaldkeri |
| Sigurbjörg Jóhannesdóttir | ritari |

Varamenn:

Agnar Kári Sævarsson
Kristbjörn Óskarsson
Einar Þór Kolbeinsson

**Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu**

| | |
|---|---|
| Grétar Pétur Geirsson | formaður |
| Hannes Sigurðsson | varaformaður |
| Arndís Baldursdóttir | gjaldkeri |
| Brandur Bryndísarson Karlsson | ritari |
| Guðmundur Haraldsson | meðstjórnandi |

**Varamenn:**

Ólafur Bjarni Tómasson
Guðrún Elísabet Bentsdóttir
Sigvaldi Búi Þórarinsson
Pála Kristín Bergsveinsdóttir

**Sjálfsbjörg á Ísafirði**

| | |
|---|---|
| Hafsteinn Vilhjálmsson | formaður |
| Auður Björnsdóttir | varaformaður |
| María Hagalínsdóttir | gjaldkeri |
| G. Sigríður Þórðardóttir | ritari |
| Helgu Þuríður Magnúsdóttir | meðstjórnandi |

**Varamenn:**

Hrefna Magnúsdóttir
Halla Sigurðardóttir

**Sjálfsbjörg í Skagafirði**

| | |
|---|---|
| Magnús G. Jóhannesson | formaður |
| Ólafur Rafn Ólafsson | varaformaður |
| Stefanía Fjóla Finnbogadóttir | gjaldkeri |
| Sæunn Hrönn Jóhannesdóttir | ritari |
| Sigríður Gunnarsdóttir | meðstjórnandi |
| Sigrún Fossberg Arnardóttir | meðstjórnandi |

**Sjálfsbjörg á Suðurlandi**

| | |
|---|---|
| Svanur Ingvarsson | formaður |

**Sjálfsbjörg á Suðurnesjum**

| | |
|---|---|
| Hafdís B. Hilmarsdóttir | formaður |
| Margrét S. Jónsdóttir | varaformaður |
| Vilhelmína Pálsdóttir | gjaldkeri |
| Ágúst Guðjónsson | ritari |
| Guðný P. Adólfsdóttir | meðstjórnandi |
| Auður Brynjólfsdóttir | meðstjórnandi |
| Dóra B. Ársælsdóttir | meðstjórnandi |

**Sjálfsbjörg á Vopnafirði**

| | |
|---|---|
| Marie Therese Robin | formaður |
| Haraldur Jónsson | gjaldkeri |
| Björn Halldórsson | ritari |

# ÁRSREIKNINGUR SJÁLFSBJARGAR LANDSSAMBANDS HREYFIHAMLAÐRA FYRIR 2022

**Efnisyfirlit** **bls.**


Skýrsla stjórnar .......... **2**
Áritun endurskoðanda .......... **3 - 4**
Rekstrarreikningur .......... **5**
Efnahagsreikningur .......... **6 - 7**
Sjóðstreymi .......... **8**
Skýringar .......... **9 - 13**



Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra
Kennitala 570269-2169
Hátún 12, 105 Reykjavík

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdarstjóra

## Meginstarfsemi sambandsins

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra eru samtök aðildarfélaga Sjálfsbjargar sem starfa víða um land og bera öll nafn Sjálfsbjargar og svo staðsetningu.

Aðalstarfsemi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra fer fram á skrifstofu samtakanna sem er í húseign þeirra að Hátúni 12, 105 Reykjavík.

Helstu starfsemisþættir eru:
1. Hagsmuna- og málefnabarátta
2. Fjáröflun og rekstrarmál
3. Útgáfu- og kynningarstarfsemi
4. Rekstur Sjálfsbjargarhússins
5. Rekstur Sjálfsbjargarheimilisins

## Starfsemin á árinu

Rekstur Sjálfsbjargar var með svipuðu móti í ár og síðastliðin ár. Heildarvelta samtakanna árið 2022 nam kr. 203 milljónum og hefur aukist um 5 % frá fyrra ári. Tap ársins nam kr. 15 milljónum í samanburði við 23 milljóna tapi árið 2021. Fjöldi ársverka á árinu 2022 var 6,08 en var 4,94 árið árið á undan.

Það er álit stjórnar Sjálfsbjargar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í lok árs 2022, rekstrarafgangi ársins og fjárhagslegri þróun samtakanna, komi fram í ársreikningnum.

## Jöfnun taps

Stjórnin vísar til eiginfjáryfirlits vegna jöfnun taps ársins.

Stjórn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2022 með áritun sinni.

Reykjavík, 17. apríl 2023

Stjórn: Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra

Álit
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sjálfsbjargar landsambands hreyfihamlaðra fyrir árið 2022, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur:
- Skýrslu stjórnar og framkvæmdarstjóra.
- Rekstrarreikning ársins 2022.
- Efnahagsreikning 31. desember 2022.
- Sjóðstreymi ársins 2022.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdarstjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

**Grundvöllur álits**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

*Óhæði*
Við erum óháð sambandinu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sambandsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar og framkvæmdarstjóra**
Stjórn og framkvæmdarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar og framkvæmdarstjóra sem lá fyrir við áritun okkar. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og framkvæmdarstjóra og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sambandsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar og framkvæmdarstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar og framkvæmdarstjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdarstjóra á ársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sambandsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sambandsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sambandið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sambandsins. Stjórnendum sambandsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sambandsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi sambandsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sambandið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 17. apríl 2023

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Ljósbrá Baldursdóttir
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2022

| | Skýringar | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Framlög og styrkir | | 8.082.968 | 7.366.454 |
| Fjáraflanir, hollvinir, happdrætti ofl. | | 70.360.101 | 69.253.749 |
| Húsaleigutekjur | | 116.298.847 | 111.659.581 |
| Aðrar tekjur | | 8.219.561 | 4.384.289 |
| | 3 | 202.961.477 | 192.664.073 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Kostnaður vegna fjáraflana | | 28.917.161 | 29.043.843 |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | 72.961.974 | 60.175.923 |
| Félagsmál | | 8.993.267 | 8.988.549 |
| Húsnæðiskostnaður | | 63.591.274 | 83.875.313 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 16.285.852 | 10.737.879 |
| Afskriftir | 6 | 16.600.744 | 16.328.454 |
| | | 207.350.272 | 209.149.961 |
| **Rekstrartap** | | (4.388.795) | (16.485.888) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) | 5 | (10.204.335) | (6.648.369) |
| | | (10.204.335) | (6.648.369) |
| **Tap ársins** | | (14.593.130) | (23.134.257) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

| Eignir | Skýringar | 2022 | 2021 |
| --- | --- | --- | --- |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 6 | | |
| Fasteignir og lóðir | | 243.803.694 | 233.871.748 |
| Innréttingar, áhöld og tæki | | 12.802.151 | 15.010.928 |
| | | 256.605.845 | 248.882.676 |
| Eignir í hlutdeildarfélögum | | 1.000.000 | 1.000.000 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 257.605.845 | 249.882.676 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 7 | 5.852.946 | 3.974.711 |
| Kröfur á tengd félög | 8 | 273.589 | 3.961.141 |
| Handbært fé | 9 | 3.437.357 | 22.253.215 |
| | | 9.563.892 | 30.189.067 |
| **Eignir samtals** | | 267.169.737 | 280.071.743 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

## Eigið fé og skuldir

| | Skýringar | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 10 | 152.066.436 | 166.659.565 |
| | | 152.066.436 | 166.659.565 |
| **Skuldir** | | | |
| Langtímaskuldir: | | | |
| Skuldir í íslenskum krónum | 11 | 87.887.463 | 89.004.144 |
| | | 87.887.463 | 89.004.144 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 13.907.298 | 10.567.266 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 8.163.908 | 7.806.589 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 11 | 5.144.632 | 6.034.179 |
| | | 27.215.838 | 24.408.034 |
| **Skuldir samtals** | | 115.103.301 | 113.412.178 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 267.169.737 | 280.071.743 |

| | |
|---|---|
| Aðrar upplýsingar | 12-13 |

# Sjóðstreymi ársins 2022

| | Skýringar | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Tap ársins | | (14.593.130) | (23.134.257) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 6 | 16.600.745 | 16.328.454 |
| Tap af sölu eigna | | 0 | 453.124 |
| | | 2.007.615 | (6.352.679) |
| (Hækkun) lækkun rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 7 | (1.878.235) | (2.353.129) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 3.697.352 | 2.499.067 |
| | | 1.819.117 | 145.938 |
| **Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri** | | 3.826.731 | (6.206.741) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Fjárfestingar varanlegra rekstrarfjármuna | 6 | (24.323.913) | (15.881.520) |
| Fjárfesting í hlutdeildarfélagi | | 0 | (1.000.000) |
| Sala varanlegra rekstrarfjármuna | | 0 | 59.400.720 |
| | | (24.323.913) | 42.519.200 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 0 | 115.439.000 |
| Afborganir langtímalána | 11 | (2.006.228) | (148.759.566) |
| Tengdir aðilar, breyting | 8 | 3.687.552 | (13.399.389) |
| | | 1.681.324 | (46.719.955) |
| **Lækkun (hækkun) á handbæru fé** | | (18.815.858) | (10.407.496) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 22.253.215 | 32.660.711 |
| **Handbært fé í árslok** | | 3.437.357 | 22.253.215 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra eru samtök aðildarfélaga Sjálsbjargar sem starfa víða um land og bera öll nafn Sjálfsbjargar og svo staðsetningar.

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Hátúni 5, 105 Reykjavík. Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er ekki skattskylt.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

## 3. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttekins gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttekna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

*Vörusala*
Tekjur af vörusölu eru færðar við afhendingu. Tekjur eru færðar á gangvirði móttekins gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttekna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti og vöruskilum.

*Sala á þjónustu*
Tekjur af veittri þjónustu eru færðar á því tímabili þegar þjónustan er veitt í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks tekur mið af raunverulegri veittri þjónustu sem hlutfall af heildarþjónustu sem veita skal.

## 4. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig: | **2022** | **2021** |
|---|---|---|
| Laun ........................................ | 57.446.314 | 45.709.648 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð ........................................ | 7.697.617 | 6.548.441 |
| Launatengd gjöld ........................................ | 6.378.720 | 4.838.601 |
| Annar starfsmannakostnaður ........................................ | 1.439.323 | 3.079.233 |
| | 72.961.974 | 60.175.923 |

Fjöldi ársverka á reikningsárinu eru 6,08 en voru 4,94 á fyrra ári.

# Skýringar

### 5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | Banka-reikningar | Langtíma-eign / skuld | Aðrir liðir | **Samtals 2022** | **Samtals 2021** |
|---|---|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur og verðbætur | 163.507 | 0 | 2.864 | 166.371 | 45.409 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | 0 | (6.508.420) | (3.862.286) | (10.370.706) | (6.693.672) |
| Gengismunur | 0 | 0 | 0 | 0 | (106) |
| | 163.507 | (6.508.420) | (3.859.422) | (10.204.335) | (6.648.369) |

### 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

| | Fasteignir og lóðir | Innréttingar, áhöld og tæki og hugbúnaður | **Samtals** |
|---|---|---|---|
| **Árslok 2021:** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 304.131.091 | 5.052.363 | 309.183.454 |
| Leiðrétt vegna seinasta árs | (10.000.000) | 0 | (10.000.000) |
| Viðbót ársins | 0 | 15.881.520 | 15.881.520 |
| Bókfært verð seldra eigna | (49.853.844) | 0 | (49.853.844) |
| Afskriftir | (10.405.499) | (5.922.955) | (16.328.454) |
| Bókfært verð í árslok | 233.871.748 | 15.010.928 | 248.882.676 |
| | | | |
| Bókfært verð í árslok 2021 greinist þannig: | | | |
| Kostnaðarverð | 698.664.346 | 52.518.872 | 751.183.218 |
| Afskrifað samtals | (464.792.598) | (37.507.944) | (502.300.542) |
| Bókfært verð í árslok | 233.871.748 | 15.010.928 | 248.882.676 |
| | | | |
| **Árslok 2022:** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 233.871.748 | 15.010.928 | 248.882.676 |
| Viðbót ársins | 20.648.148 | 3.675.765 | 24.323.913 |
| Afskriftir | (10.716.202) | (5.884.542) | (16.600.744) |
| Bókfært verð í árslok | 243.803.694 | 12.802.151 | 256.605.845 |
| | | | |
| Bókfært verð í árslok 2022 greinist þannig: | | | |
| Kostnaðarverð | 719.312.494 | 56.194.637 | 775.507.131 |
| Afskrifað samtals | (475.508.800) | (43.392.486) | (518.901.286) |
| Bókfært verð í árslok | 243.803.694 | 12.802.151 | 256.605.845 |

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 0-12% |
| Innréttingar, áhöld og tæki | 33% |

# Skýringar

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagað, ef þörf er á, í lok hvers reikningssárs.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

### Fasteignamat og vátryggingaverðmæti

| Fasteignir sambandsins í árslok 2022 voru eftirtaldar: | Fasteigna-mat | Brunabóta-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Hátún 12, Reykjavík | 3.458.350.000 | 3.495.350.000 | 243.803.694 |
| | 3.458.350.000 | 3.495.350.000 | 243.803.694 |

### Veðsetningar

Á fasteignum sambandsins í Hátúni 12 hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess, sem voru að uppgreiðsluvirði kr. 93 milljónir í árslok 2022.

## 7. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig: | **2022** | **2021** |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 5.091.662 | 3.631.634 |
| Minnisbækur loforð | 87.800 | 87.800 |
| Greiðslukort Visa/Euro | 673.484 | 255.277 |
| | 5.852.946 | 3.974.711 |

## 8. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar Sjálfsbjargar eru Sjálfsbjargarheimilið, aðildarfélög Sjálfsbjargar sem starfrækt eru víðsvegar um landið, framkvæmdarstjórn samtakanna og aðrir lykilstarfsmenn. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

| | **2022** | **2021** |
|---|---|---|
| Tekjur | 39.304.647 | 46.165.979 |
| Gjöld | 1.490.237 | 1.841.908 |
| *Kröfur á tengda aðila* | | |
| Sjálfsbjargarheimilið | 56.382 | 3.914.870 |
| Sjálfsbjargarfélögin | 217.207 | 46.271 |
| | 273.589 | 3.961.141 |

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna lána til tengdra aðila.

# Skýringar

## 9. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## 10. Eigið fé

**Yfirlit um breytingu á eigin fé**

| | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|
| **Hreyfingar 2021:** | |
| Staða í ársbyrjun | 189.793.823 |
| Tap ársins | (23.134.257) |
| Staða í árslok | 166.659.565 |
| | |
| **Hreyfingar 2022:** | |
| Staða í ársbyrjun | 166.659.565 |
| Tap ársins | (14.593.130) |
| Staða í árslok | 152.066.436 |

## 11. Langtímaskuldir

| | **2022** | **2021** |
|---|---|---|
| Skuldir í íslenskum krónum: | | |
| Óverðtryggðar skuldir. Vextir 9,78 % | 93.032.095 | 95.038.323 |
| | 93.032.095 | 95.038.323 |

Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör lána í árslok.

Afborganir af langtímaskuldum sambandsins í árslok 2022 greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2023 | 5.144.632 |
| Árið 2024 | 5.144.632 |
| Árið 2025 | 5.144.632 |
| Árið 2026 | 5.144.632 |
| Árið 2027 | 5.144.632 |
| Síðar | 67.308.935 |
| | 93.032.095 |

Langtímaskuldir samtals kr. 93.032.095, koma þannig fram í efnahagsreikningi:

| | |
|---|---|
| Afborganir ársins 2023, færðar meðal skammtímaskulda | 5.144.632 |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar | 87.887.463 |
| | 93.032.095 |

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2023. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði. Mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er fært í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

# Skýringar

## 12. Aðrar upplýsingar

Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra, var stofnaður árið 1997 með það að markmiði að auðvelda hreyfihömluðum að ferðast. Hjálpaliðarsjóður er í umsjá Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra en stendur fyrir utan bókhald félagsins.

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Staða Hjálparliðasjóðs í byrjun árs | 14.297.537 | 4.279.078 |
| Greitt inná Hjálpaliðasjóð vegna Kistuholts 19 | 0 | 10.000.000 |
| Innvextir | 344.829 | 23.665 |
| Fjármagnstekjuskattur | (75.862) | (5.206) |
| Staða handbærs fjár Hjálparliðasjóðs í lok árs | 14.566.504 | 14.297.537 |

## 13. Fimm ára yfirlit

Fimm ára yfirlit félagsins greinist þannig:

| | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrartekjur | 202.961 | 192.664 | 143.654 | 143.278 | 141.612 |
| Rekstrargjöld | (207.350) | (209.150) | (127.855) | (150.570) | (125.647) |
| Hagnaður f. fjárm.liði | (4.389) | (16.486) | 15.799 | (7.293) | 15.965 |
| Fjármagnsliðir | (10.204) | (6.648) | (1.091) | (1.027) | (2.645) |
| Hagnaður (tap) ársins | (14.593) | (23.134) | 14.707 | (8.320) | 13.320 |
| | | | | | |
| **Efnahagur** | | | | | |
| Fastafjármunir | 256.606 | 248.883 | 309.183 | 301.829 | 315.290 |
| Veltufjármunir | 9.564 | 30.189 | 34.836 | 28.992 | 28.731 |
| Eignir samtals | 266.170 | 279.072 | 344.019 | 330.822 | 344.021 |
| | | | | | |
| Eigið fé | 152.066 | 166.660 | 189.794 | 175.086 | 183.406 |
| Langtímaskuldir | 87.887 | 89.004 | 12.511 | 128.039 | 128.543 |
| Skammtímaskuldir | 27.216 | 24.408 | 141.438 | 27.696 | 32.071 |
| Eigið fé og skuldir | 267.170 | 280.072 | 343.742 | 330.822 | 344.021 |

# Undirritunarsíða

### Ljósbrá Baldursdóttir

Undirritað af:
Ljósbrá H Baldursdóttir
2406715659
Dags: 17.04.2023
Tími: 22:05:38
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ba07b340-b36f-4649-9860-581af1817c32

### Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir

Undirritað af:
Ásta Þ. Skjalddal Guðjónsdóttir
0401665489
Dags: 17.04.2023
Tími: 21:16:17
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ba07b340-b36f-4649-9860-581af1817c32

### Ósk Sigurðardóttir

Undirritað af:
Ósk Sigurðardóttir
3107753479
Dags: 17.04.2023
Tími: 21:36:00
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ba07b340-b36f-4649-9860-581af1817c32

### Ólafía Ósk Runólfsdóttir

Undirritað af:
Ólafía Ósk Runólfsdóttir
2808754069
Dags: 17.04.2023
Tími: 21:19:13
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ba07b340-b36f-4649-9860-581af1817c32

### Margrét Sigríður Jónsdóttir

Undirritað af:
Margrét Sigríður Jónsdóttir
0503615789
Dags: 17.04.2023
Tími: 21:58:24
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ba07b340-b36f-4649-9860-581af1817c32

### Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir

Undirritað af:
Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir
1402962449
Dags: 17.04.2023
Tími: 21:17:05
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ba07b340-b36f-4649-9860-581af1817c32

### Elmar Logi Heiðarsson

Undirritað af:
Elmar Logi Heiðarsson
3103893749
Dags: 17.04.2023
Tími: 22:35:16
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ba07b340-b36f-4649-9860-581af1817c32

### Guðni Sigmundsson

Undirritað af:
Guðni Sigmundsson
1503653339
Dags: 17.04.2023
Tími: 21:18:20
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ba07b340-b36f-4649-9860-581af1817c32

### Kristján Karl Júlíusson

Undirritað af:
Kristján Karl Júlíusson
1105723529
Dags: 17.04.2023
Tími: 22:30:57
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ba07b340-b36f-4649-9860-581af1817c32